

AUGLÝSING

um deiliskipulag svæðis fyrir íbúðar- og frístundabyggð í landi Beinárgerðis á Völlum, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 2. mars 2005 deiliskipulag svæðis fyrir íbúðar- og frístundabyggð í landi Beinárgerðis á Völlum. Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 6,3 ha skika í landi Beinárgerðis, austan Þjóðvegur nr. 1, Austurlandsvegur. Gert er ráð fyrir allt að 17 nýjum byggingum innan marka skipulagsins. Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 29. ágúst 2005.

Ómar P. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um búfjánhald í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjánhaldi í Borgarfjarðarhreppi, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda. Ákvæði um vörsluskyldu á jafnt við búfjáreigendur á lögbýlum sem utan þeirra.

2. gr.

Með búfjánhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, samanber lög um búfjánhald o.fl. nr. 103/2002.

Búfjánhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Sá sem stunda vill búfjánhald utan lögbýla, skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, hvernig geymslu skuli háttað, haga-göngu þess og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Telji hreppsnefndin að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, veitir hún leyfi til búfjánhalds.

Leyfisveiting til búfjánhalds skuldbindur ekki Borgarfjarðarhrepp til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi handa búfénu né veita þeim aðstöðu til búfjánhalds.

Leyfi til búfjánhalds er veitt til óákveðins tíma og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara, miðað við 15. júní ár hvert.

Samþykki hreppsnefndar er háð gildandi lögum og reglum um búfjánhald, eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum, samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005.

3. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, teljast hafa samþykki hreppsnefndar til búfjánhalds.